

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Orri Árnason
Kt. 0808645749
Dags. 10.2.2025 08:07:57
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT INNSIGLAÐ
Hafnarfjarðarkaupstaður - Byggingarfulltrúi
Dags. 10.2.2025 08:10:32
Ástæða: Byggingaráform samþykkt 5.02.2025

HELSTU TÁKN:

EI60	Brunamótstaða
-C	Sjálflokandi hurð
-S	Reykþétt hurð
!	Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis
BO	Björgunarop
BO	Fellistigi við björgunarop
UT	Merktur útgangur
	Flóttaleið
R	Reykskynjari
NL	Neyðarlýsing
	Brunaslanga
	Handslökkvitæki
	Tvíburatengi úðakerfis
	Stigleiðsla
HL	Hleðslustöð
	Reyklúga
	Gat í gólfi
	Gat í lofti
gn.	Gólfniðurfall
lr.	Loftræsing
nf.	Niðurfall
ROB	Rafdrifinn opnunarbúnaður

BREYTING A: Dags 14.janúar 2024
Innra skipulagi íbúðar 0101 breytt

Verkheiti:	**Apalskarð 8**		
Teikning:	1. hæð		
Verkkaupi:	VHE ehf		
Arkitekt:	Orri Árnason		
Hönnunarstjóri:	Orri Árnason		
Teiknað af:	Jakub Urbaniak	Dags:	12.11.2022
Yfirfarið af:	oá	Kvarði:	1:100
		Stærð:	A2
		Fjöldi teikn.:	14

ZEPPELIN ARKITEKTAR

1.1.4A

Orri Árnason FAÍ Kt: 080864-5749 - www.zeppelin.is - tel 5533640 - zeppelin@zeppelin.is



Apalskarð 6 (Apalskarð 8)
Landeignarnúmer: L214358
Matshluti 02
Hönnunarstjóri: Orri Árnason arkitekt

Til stendur að reisa 22 íbúða fjölbýlishús í Apalskarði 8, í húsinu verða 2 stigagangar. Húsið er 3-5 hæðir og kjallari undir hluta þess. Bílakjallari er norðan við og áfast húsinu og er hluti loftaplötu hennar notuð sem yfirborðsbílastæði. Lóðirnar Apalskarð 6 og Apalskarð 8 liggja hlið við hlið og deila sameiginlegu útsvæði, sem liggur sunnan við lóðirnar.

Byggingarlýsing:
Algild hönnun: Bygginging er hönnuð skv. algildri hönnun, sbr. 6 kafla í byggingarreglugerð, en þannig skal tryggt að fólki sé ekki mismunað um aðgengi og almenna notkun bygginga á grundvelli fötlunar eða veikinda og að það geti með öruggum hætti komist inn og út úr byggingum, jafnvel við óvenjulegar aðstæður, t.d. í eldsvoða. Öll innri rými eru þannig hönnuð að með einföldum aðgerðum, t.d. með því að fjarlægja skápa eða spegla opnunarátt hurða, megi skapa gott svigrúm fyrir einstaklinga í hjólastól til að athafna sig.
Í baðherbergjum er gert ráð fyrir því að innréttingar megi minnka, svo skapa megi 90cm pláss við hlið salerna, til að uppfylla algilda hönnun.
Innan bygginga, á stigagöngum, skulu vera örugg biðsvæði.

Aðgengi:
a. Utan við aðalinngang skal vera láréttur flötur, minnst 1,50 m x 1,50 m að stærð, utan opnunarsvæðis inngangsdyra/útidyra eða a.m.k. 1,80 m x 1,80 m þar sem umferð er mikil.
b. Gert skal ráð fyrir sjálfvirkum opnunarbúnaði fyrir inngangsdyr/útidyr í aðalumferðarleiðum. Þar sem rofi er fyrir opnunarbúnað skal hann vera í u.þ.b. 1,0 m hæð. Sé um að ræða hurð á lömum skal rofinn vera staðsettur skráarmegin við dyr og skal fjarlægð rofa frá næsta innhorni eða kverk vera a.m.k. 0,50 m.
c. Gera skal ráð fyrir a.m.k. 0,50 m hliðarrými skráarmegin utan við inngangsdyr/útidyr, sem athafnarými fyrir einstaklinga í hjólastól. Huga skal að nægjanlegu hliðarrými skráarmegin utan við svala- og garðdyr.
d. Þröskuldur við inngangsdyr/útidyr og svala- og garðdyr skal ekki vera hærri en 25 mm. Hæðarmunur milli svæðis framan við inngangsdyr/útidyr og gólfs skal ekki vera meiri en 25 mm, að meðtalinni hæð á þröskuldi.
Gólf svala og veranda má mest vera 100 mm lægra en gólf byggingar, að þröskuldi meðtöldum, að því tilskildu að auðvelt sé að koma fyrir skábraut að utanverðu upp að þröskuldi.

Á öllum inngangshurðum íbúða er gert ráð fyrir 50cm rými til opnunar að innhverfu og 30cm að úthverfu.
Í öllum íbúðum er a.m.k. eitt svefnherbergi og eitt baðherbergi þar sem gert er ráð fyrir að fatlaðir geti athafnað sig í hjólastól og þar eru hurðir þannig að 50cm rými er til opnunar að innhverfu dyra og 30cm að úthverfu.

Hurðir að geymslum í kjallara eru a.m.k. með umferðarmál 80cm x 200cm. Innihurðir eru a.m.k. með umferðarmál 80cm x 200cm.
Hurðir að íbúðum eru a.m.k. með umferðarmál 88cm x 207cm.
Allar útihurðir eru a.m.k. með umferðarmál 88cm x 207cm
Allar svalahurðir eru a.m.k. með umferðarmál 80cm x 200cm
Stæði fyrir fatlaða eru upphituð og gangstéttir frá bílastæðum að húsi eru upphitaðar.

Bílageymsla:
Bílageymslan tilheyrir báðum húsum, Apalskarði 6 og einnig Apalskarði 8. Burðarkerfi og megin byggingarefni eru úr steinsteypu, þ.e. Sökklar, útveggir og botnplata. Loftaplata bílageymslu verður úr járnbentri steinsteypu. Platan er jafnframt notuð sem yfirborðsbílastæði. Halli á plötunni er 1:50. Bílageymslan verður loftræst skv. byggingarreglugerð og upphituð með hitablásurum (að takmörkuðu leiti u.þ.b. 10°C). Rampur að bílageymslunni verður malbikaður og verður affall af hita hússins leiddur í hann, sem snjóbræðsla.
Bílgeymsla verður búin vélrænni loftræsingu, með útsogi við gólf og vatnsúðakerfi (sprinkler) áhættuflokkur OH2.
Loftaplata bílageymslunnar þolir 18 tonna stakan kraft eða jafngildisþyngd í normal bíl og skulu settar upp merkingar því aðlútandi þar sem hægt er að keyra inn á plötuna. Skráningartafla vegna bílageymslu fylgir teikningum af Apalskarði 6.

Fjölbýlishús:
Burðarkerfi / Burðarkerfi:
Burðarkerfi og megin byggingarefni eru úr steinsteypu. Sökklar , útveggir og plötur eru úr járnbentri steinsteypu. Útveggir eru einangraðir með 100mm plasteinangrun að innan og að utan er húsið múrað, sléttpússað og málað hvítt. Allir veggir eru pússaðir að innan.
Sökklar verða reistir á klöpp eða burðarhæfa fyllingu og verða úr járnbentri steinsteypu, einangraðir að utan með 100mm steinullareinangrun. Kjallaraveggir sem snúa út að jarðvegi verða einangraðir að utan með 100mm steinullareinagrun(sökkulplötum).

Gólfplötur verða úr járnbentri steinsteypu (REI90). Til að draga úr neikvæðum áhrifum kuldabrúa er úrtak (50x100mm) tekið neðan úr plötum þar sem þær koma að útveggjum. Upp í úrtakið er límd plaseinangrun sem múrað er yfir.
Gólfplata í kjallara verður úr járnbentri steinsteypu og einangruð að neðan með 150mm plasteinangrun.
Svalir verða úr járnbentri steinsteypu. Gólf svala eru vatnsþétt, en vatni er veitt af svölum um niðurfall í frárennsliskerfi. Vatnshalli skal minnstur vera 1:40.
Svalahandrið verða úr galvanhúðaðri stálgrind.

Þak verður hefðbundið uppstólað sperruþak á lárétta steypta þakplötu og verður 225mm þakull lögð ofaná plötuna. Borðaklæðning 1"x6" verður negld ofaná sperrur og þar ofaná verður bræddur þakdúkur sem skal a.m.k vera í flokki T skv. IST EN 13501-5:2016 Minnst tvo lög af pappa skal leggja á þak og skal dúkur lagður í stefnu vatnshallans. Efnisþyngd skal vera 4.0 kg/m2 og styrktarmottan í pappanum skal vera polyester 180 gr/m2. Undirlag dúks skal festa niður með rósettum á köntum og miðju vegna vindálags. Þak er loftað með lofttúðum.

Þakverönd verður byggð upp eins og viðsnúið þak. Þakflötur skal grunnaður með þar til gerðum primer og þar ofan á er brætt tvöfalt lag af viðurkenndum þakpappa, undir- og yfirlag.
Undirlag er heillímt á þakflötinn með eldsuðu og lagt í stefnu vatnshallans og yfirlagið er eldsoðið á undirlagið og lagt í sömu stefnu. Efnisþyngd er 5,2 kg/m2 og styrktarmottan í pappanum skal vera amk. 180gr/m2. Asfaltdúkurinn skal a.m.k vera í flokkt T skv. IST EN 13501-5:2016.
Ofaná pappann er lögð 250mm roofmade plasteinangrun, sem skal þola 300kpa. Plöturnar skulu leggjast í tveimur lögum ofaná asfaltdúkinn, þannig að þær liggi þétt að köntum og vel saman.
Ofan á einangrun er lagður dúkur sem lágmarkar hitatap vegna regnvatnskælingar. Þak er fargað með hellulögn. Vatnshalli skal amk. vera 1:40.

Léttir innveggir eru ýmist hefðbundnir gifsveggir eða hlaðnir veggir, í kringum votrými. Plötuklæðningar aðrar en að framan er getið eru í flokki 1 og einnig eru klæðningar veggja geymslna í flokki 1.

Anddyri íbúða verða ekki með innri hurð, en svo um hnútana búið að einfalt er að setja þær upp óski íbúðaeigendur þess.

Dyr að íbúðum skulu uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar um eldvarnir (EI30-CS) og vera a.m.k. 39db.

Gluggar og útihurðir verða ál/trégluggar og allt gler verður tvöfalt einangrunargler (U-gildi amk. 1,35).
Gólfefni skulu lögð þannig að kröfur um hljóðvist verði uppfylltar. Sjá Hljóðvist.

Litaval:
Húsið verður hvítmálað, litur RAL 9002
Gluggar verða dökkbrúnir, litur RAL 8014
Stálhandrið; grindverk verður heitgalvanhúðað.

Tæknilegar kröfur:
U-Gildi einstakra byggingarhluta verður í samræmi við gr. 13.3.2 í byggingarreglugerð, og skulu ekki yfirstíga eftirfarandi hámarksgildi: þak 0,20, útveggur 0,40, gluggar 2,0, gólf 0,3 og vegið meðaltal útveggs 0,85

Hljóðvist:
Skv. byggingarreglugerð 11.2 gr. skal íbúða- og atvinnuhluti byggingarinnar að lágmarki uppfylla kröfur til hljóðvistarflokks C samkvæmt staðlinum ÍST 45. Þannig skulu veggir á milli íbúða vera a.m.k. 55db og veggir (með hurðum í) á milli íbúða og stigagangs skulu vera a.m.k. 48db

Endanleg gólfefni skulu slitin frá steyptri plötu skv. tilheyrandi deiliteikningum arkitekts til að koma í veg fyrir högghljóð á milli hæða.

Lagnastokkar skulu vera þannig frágengnir að þeir uppfylli ákvæði byggingarreglugerðar um hljóðvist.
Loftstokkar vegna vélrænnar loftræsingar skulu vera þannig frágengnir að þeir uppfylli ákvæði byggingarreglugerðar um hljóðvist
Vatnshraði í pípum skal ákvarðaður á þann hátt að hljóð frá pípum uppfylli kröfur um hljóðvist, sbr. 11. hluta byggingarreglugerðar sbr. 14.2.10.gr. Gengið skal þannig frá festingum vatnshitakerfa að hreyfing á pípum og rennslishljóð geti ekki myndað hávaða sem berst út í aðliggjandi byggingarhluta og rými, þannig að uppfylltar séu kröfur um hljóðvist í 11. hluta byggingarreglugerðar, sbr. 14.2.10.gr.
Hiti:
Húsið verður upphitað með hefðbundnu ofnakerfi.
Neysluvatn:
Við hönnun neysluvatnskerfa skal uppfylla kröfur byggingarreglugerðar (sjá 14.5.10. gr.).
Tryggja skal að hitastig vatns við töppunarstaði neysluvatnskerfa í byggingum sé ekki það hátt að hætta sé á húðbruna fólks í steypiböðum og baðkerum. Þá skulu vera hitastýrð blöndunartæki á handlaugum í baðherbergjum og snyrtingum sé hitastig neysluvatns það hátt að það geti valdið húðbruna. Hiti við töppunarstaði skal þannig ekki fara yfir 65°C.
Þannig skal frá neysluvatnslögnum bygginga gengið að ekki sé hætta á að bakteríugróður geti þrifist í neysluvatninu.
Loftræsting:
Loftræst verður með opnanlegum gluggafögum þar sem því verður komið við en með vélrænum hætti í lokuðum rýmum. Loftræsing einstakra rýma skal uppfylla kröfur byggingarreglugerðar (sjá 10.2.5. gr.) Loftræsa skal yfir eldavélum með eldhúsviftum með kolasíum.
Inntök:
Rafmagns- og vatnsinntök verða í sérstöku rými í kjallara.
Votrými:
Öll búin gólfniðurföllum.
Frárennsli:
Frárennslislagnir í jörðu verða CE vottaðar PVC lagnir, lagðar í grunn og upp í gólfplötu, frárennslislagnir í veggjum verða PP pípur. Sýnilegar lagnir í lofti í kjallara verða úr pottjárni. Vatnslagnir verða úr ryðfríum efnum. Við hönnun lagnakerfa skal taka mið af gr. 14.5, eftir því sem við á.
Lóð:
Hús númer 6 og 8 við Apalskarð munu rísa á sameiginlegri lóð, en sunnan hana er sameiginleg lóð með Apalskarði 2-4, en þar skal m.a. koma fyrir svæði fyrir leiki og afþreyingu. Sunnan við húsin er sameiginlegt undirbyggt öryggissvæði og að því liggur 3ja metra breiður undirbyggður stígur. Undirbyggingin felst í því að undir yfirborði stígs og öryggissvæðis er a.m.k. meters hár grúsarpúði.
Aðkoma:
Aðalinngangur fjölbýlishússins verður á norðurhlið þess. Aðkoman skal vera vel upplýst og hiti lagður í stéttir upp við húsið. Aðkoma skal vera skv. algildri hönnun. Anddyri skal búið póstkössum og dyrasíma.
Hjóla- og vagnageymslur verða á jarðhæð, við hlið aðalinnganga
Sorp verður flokkað í djúpgáma, sem verða staðsettir á lóð, sjá afstöðumynd.
Gámarnir munu tilheyra hvoru tveggja, Apalskarði 6 og 8.
Bílastæði, Á sameiginlegri lóð verða 32 stæði ofanjarðar og 31stæði neðanjarðar, eða alls 63 stæði. Stæði fyrir fatlaða verða eingöngu á yfirborði, þrjú talsins og upphituð. Settur skal upp tengibúnaður fyrir rafbíla við hvert bílastæði. Eignarhald bílastæða er birt í skráningartöflu.
Samkvæmt deilisskipulagsskilmálum skulu a.m.k. vera 2 stæði fyrir íbúðir stærri en 80 fermetrar og 1 stæði fyrir íbúðir minni en 80 fermetrar, sjá lágmarkskröfu hér að neðan.

Bílastæðabókhald	íbúð > 80m2	fj.Bílast.	Íbúð < 80m2	fj.Bílast.	Samtals fj. Bílast.
Apalskarð 6	10	20	0	0	20
Apalskarð 8	18	36	4	4	40
			Lágmarksfjöldi bílastæða á lóð		60

HELSTU STÆRÐIR:

	m2 (brúttó)	m3 (brúttó)
5. hæð	202,1	813,1
4.hæð	402,5	1.382,3
3.hæð	537,0	1.695,2
2. hæð	537,0	1.535,5
1. hæð	529,0	1.513,1
Kjallari	325,1	955,9
Botnplata	—	109,9
Samtals	2.532,7	8.004,9

Aðrir matshlutar á lóð

Apalskarð 6 Mhl. 1	1.316,0	4.067,0
Bílageymsla Mhl. 3	836,1	2.590,6
Djúpgámar Mhl. 4	17,3	47,3

BRUNAVARNIR
Eftirfarandi brunavarnalýsing er gerð af Brunahönnun í apríl 2022 fyrir Apalskarð 6-8, Hafnarfirði, verk nr. 17-237. Lausnir eru almennt skv. forskriftarákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og 350/2013 með skilgreindum tækniskiptum, grein 9.2.2. liður a. Ekki er um að ræða frekari brunahönnunarskýrslu.

Flokkun og notkun byggingar
Byggingunni er skipt í þrjá hluta, Apalskarð 6 og 8 sem eru 5 hæða íbúðarbyggingar í notkunarflokki 3, ásamt bílgeymslu og geymslum í kjallara í notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð. Íbúðir uppfylla kröfur um algilda hönnun.

Brunahólfun
Meginbrunahólf:
Bílakjallari er sér meginbrunahólf alls um 793 m^2, aðskilin frá aðliggjandi kjöllurum með brunastúkum og REI90 veggjum.
Geymslukjallarar eru eitt meginbrunahólf.
Hver hæð íbúðarbyggingar ofanjarðar er eitt meginbrunahólf.
Hefðbundin brunahólf:
Sprinkler- og inntakrými eru sér brunahólf, utangegnt frá bílarampi.
Geymslugangar og tengd rými eru sér brunahólf.
Inntaksrými er sér brunahólf.
Hver íbúð er sér brunahólf með EI90 veggjum milli íbúða og EI60 fram á gang.
Fimm hæða stigahús eru sér brunahólf að gerðinni stigahús 2.
Fimm hæða lyfthús eru sér brunahólf.
Frávik og tækniskipti: Lyftuhurð er ekki reykþétt og því er lyftuskaft útbúið með 1 m^2 reyklúgu.
Íbúðargangar við fimm hæða stigahús eru sér brunahólf.
Lyftu- og stigahús í suðaustur hluta Apalskarðs 8 er eitt brunahólf.
Löðrétt lagnaskökt eru sér brunahólf með a.m.k. EI60 frágangi.

Burðarvirki
Hæðaskil eru a.m.k. REI90.
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R90.
Brunamótstaða burðarvirkis þaka er a.m.k. R60.

Klæðningar
Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501.
Innanhúsklæðningar verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G.
Utanhúsklæðningar eru í flokki 1.
Þakklæðningar eru í flokki B(roof) (t2).

Flóttaleiðir
Frá íbúðum eru tvær óháðar flóttaleiðir.
Frá íbúðum á jarðhæð er önnur flóttaleiðin út í gegnum anddyri og þaðan út, hin er beint út.
Frá íbúðum ofan jarðhæðar er önnur flóttaleiðin um stigahús, hin flóttaleiðin er út á svalir.
Frávik og rökstuðningur: Frá Apalskarði 6 sem er 5 hæða hús með stigahús 2 er flóttaleið í gegnum íbúðagang á fyrstu hæð en á skv. reglum að opnast beint út. Þar sem einungis er um 10 íbúðar að ræða telst ásættanlegt flóttaleið nr. 2 sé í gegnum kjallara út í bílageymslu. Á öllum hæðum hússins nema fyrstu hæð verða biðsvæði fyrir hreyfihamlaða á íbúðagangi. Settir verða neyðarsímar við biðsvæði fimm hæða stigahúsa og við inngang fyrir SHS skv. leiðbeiningum HMS nr. 9.5.10.
Frá geymslugangi og tengdum rýmum eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir.
Frá geymslugöngum Apalskarðs 6 eru flóttaleiðirnar um stigahús eða í gegnum aðliggjandi geymsluganga og þaðan í bílageymslu.
Frá geymslugöngum Apalskarðs 8 eru þrjár flóttaleiðir, ein er úr í bílageymslu, hinar eru um vestur og austur stigahús.
Frá geymslugangi í suðvestur hluta Apalskarðs 8 er einungis ein flóttaleið, þetta er talið ásættanlegt þar sem að göngulengd í næsta brunahólf er styttri en 10 metrar.
Frá bílageymslu eru a.m.k. þrjár flóttaleiðir, ein er beint út, hinar eru inn á geymsluganga.
Opnunarbúnaður frá bílageymslum er neyðarhúnar eða svokallaðir push pad.

Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í bílageymslu skv. ÍST EN 54 og reglum HMS. Einnig verður brunaviðvörunarkerfi á geymslugöngum og stigahúsi fimm hæða stigahúss.
Frávik og rökstuðningur: Í bílageymslu verða handboðar og brunabjöllur og úðahausar virka sem eldskynjarar sem telst ásættanleg þar sem útsýni yfir geymsluna er gott.
Brunaviðvörunarkerfið verður tengt við stjórnstöð. Stjórnstöð og yfirlitsmynd er í klefa fyrir vatnsúðakerfi. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð.
Gert er ráð fyrir stökum reykskynjurum, að lágmarki einum á hverja 80 m^2.

Loftræsikerfi
Gert er ráð fyrir að hver íbúð verði loftræst um sér loftræsirör og að sameiginlegur safnkassi reykræsist um útsogsop sem þarf að vera stærra (nettó op með blásara stopp) en rör frá hverri íbúð.

Reyklosun
Bílageymsla er reykræst um tvö reykop sem eru a.m.k. 1,0 m^2 og verður hægt að opna handvirkt utanfrá. Reykræsing geta verið gluggar úr polycarbonat.
Einnig er reiknað með því að bílageymsla sé reykræst um hurð inn í geymsluna.
Reykræsing bílageymslu er samtals a.m.k. 0,1 % af gólffleti bílageymslunnar.
Geymslukjallarar eru reykræstir um reykræsirör sbr. teikningar.
Stigahús eru reykræst með reyklúgu sem er a.m.k. 1 m^2 sem opnast handvirkt frá jarðhæð.
Lyftuskaft í 5 hæða húsum er reykræst með reyklúgu sem er a.m.k. 0,5 m^2 sem opnast handvirkt frá jarðhæð og sjálfvirkt frá staðfestu boði frá brunaviðvörunarkerfi.
Reykræsing er að öðru leyti um glugga og hurðar.

Brunaslöngur og slökkvitæki
Brunaslöngur verða í bílageymslu skv. ÍST EN 671. Um er að ræða þrjár brunaslöngur sem eru a.m.k. 25 metra langar, sbr. teikningu. Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu m.a. staðsett við brunaslöngur en auk þess vera á geymslugöngum og anddyri hverjar íbúðar, t.d. 6 L léttvatn og 5 kg kolsýra í inntaksrými fyrir rafmagn.
Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila í sameignir. Staðsetning slöngukefla og slökkvitækja skal merkt á áberandi hátt með til þess gerðum merkjum af viðeigandi stærð.

Stigleiðslur
Settar verða upp stigleiðslur með 80 mm innanmáli í alla stigaganga. Inntök stigleiðsla er við aðalinnganga og úttök á íbúðargöngum á hverri hæð ofan jarðhæðar.

Vatnsúðakerfi
Vatnsúðakerfi skv. ÍST EN 12845 er í öllum bílakjallaranum. Hann verður í áhættuflokki OH2. Stjórnbúnaður er í sér brunahólfi við innkeyrslu í bílakjallara. Tvíburatengi verður staðsett ofan við rampa.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Reikna skal með a.m.k. 5 lux í stigahúsum, 1 lux í geymslugöngum og íbúðargöngum en 0,5 lux í bílgeymslu og inntaksrýmum en 5 lux í klefa vatnsúðakerfis. Útiljós verða við útganga frá stigahúsi og bílgeymslu og að stigahúsum.

Aðkoma slökkviliðs
Aðkoma slökkviliðs að húsunum er góð frá Apalskarði að norðurhlið bygginganna.
Reiknað er með því að björgun af svölum fari að hluta til með körfubílum.
Reiknað er með að körfubíll komist að húsunum eftir göngustígum sem liggja frá Apalskarði í suður, þ.e.a.s. milli Apalskarðs 6 og 8, en einnig að vesturhlið Apalskarðs 6.
Ekki er reiknað með körfubílum slökkviliðs á plötu bílageymlu.
Koma skal fyrir merkingum ofanjarðar, þar sem að leyfilegur ásþungi og punktálag ofan á plötu bílageymslunnar er tekið fram.
Slökkvivatn hefur verið reiknað út skv. leiðbeiningum HMS. Slökkvivatnsþörf reiknast um 1400 l/mín.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (vatnsúðakerfi, brunaviðvörunarkerfi, handvirkum slökkvibúnaði í sameignum og út- og neyðarlýsingu). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Apalskarð 6 og 8, Hafnarfirði).

Samþykkt
Hafnarfjörður
Byggingarfulltrúi

Útreikningur fyrir fjölda og stærð djúpgáma (Apalskarð 6 og 8)
Fjöldi íbúða 32

Tegund sorps	Blandað	Pappír	Plast	Lífrænt
Magn úrgangs (m^3/Íbúð)	0,12	0,12	0,12	0,12
Samtals þörf (m^3)	3,84	3,84	3,84	3,84
-10%	3,46	3,46	3,46	3,46
Stærð djúpgáma (m^3)	5,0	5,0	5,0	3,0
Fjöldi djúpgáma (stk.)	1	1	1	2

HELSTU TÁKN:

EI60 Brunamótstaða
-C Sjálflokandi hurð
-S Reykþétt hurð
Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis
BO Björgunarop
BO Fellistigi við björgunarop
ÚT Merktur útgangur
Flóttaleið
R Reykskynjari
NL Neyðarlýsing
Brunaslanga
Handslökkvitæki
Tvíburatengi úðakerfis
Stigleiðsla
HL Hleðslustöð
Reyklúga
Gat í gólfi
Gat í lofti
gn. Gólfniðurfall
lr. Loftræsing
nf. Niðurfall
ROB Rafdrifinn opnunarbúnaður

BREYTING A: Dags 14.janúar 2024
Innra skipulagi íbúðar 0101 breytt

Verkheiti: **Apalskarð 8**
Teikning: afstöðumynd
Verkkaupi: VHE ehf
Arkitekt: Orri Árnason
Hönnunarstjóri: Orri Árnason
Teiknað af: Jakub Urbaniak
Yfirfarið af: oá

Dags: 12.11.2022
Kvarði: 1:500
Stærð: A2
Fjöldi teikn.: 14

ZEPPELIN ARKITEKTAR

1.1.1A

Orri Árnason FAÍ Kt: 080864-5749 - www.zeppelin.is - tel 5533640 - zeppelin@zeppelin.is